



Uppeldi sem virkar – Færni til framtíðar

Leiðbeinenda- og ráðgjafanámskeið

3. útg. 2022

3. og 4. október 2024

Á Leiðbeinenda- og ráðgjafanámskeiðinu eru kynntar aðferðir og hugmyndafræði foreldranámskeiðsins *Uppeldi sem virkar – Færni til framtíðar* og farið rækilega í skipulag, framkvæmd og innihald námskeiðsins. Efnið byggir á gagnreyndri þekkingu og vel rannsökuðum aðferðum. Íslensk rannsókn á árangri námskeiðsins birtist í Sálfræðiritinu 2014.

Rík áhersla er lögð á notkun jákvæðra aðferða í uppeldi, gildi fyrirmynda og tengslamyndun. Samvera og samskipti barna og foreldra, markviss kennsla æskilegrar hegðunar og nauðsyn fyrirhyggju, skipulagningar og samkvæmni uppalenda eru einnig meginþemu. Í nýlegri endurskoðun og uppfærslu voru gerðar breytingar og viðbætur við foreldranámskeiðið til samræmis við áherslur og þarfir í samtímanum.

Á Leiðbeinendanámskeiðinu er einnig fjallað um uppeldi og uppeldisráðgjöf almennt og farið í hagnýtt efni sem miðar að því að auka færni þátttakenda í að veita árangursríka ráðgjöf um uppeldi bæði til foreldra og starfsfólks í uppeldisstörfum.

Námskeiðið er ætlað fagfólki sem sinnir uppeldisráðgjöf og/eða er í beinum tengslum við börn á ýmsum aldri. Þátttaka á námskeiðinu veitir réttindi til að gerast leiðbeinandi á uppeldisnámskeiðum fyrir foreldra og að nota öll þar til gerð námskeiðsgögn.

Hagnýtar upplýsingar um námskeiðið

- **Þátttakendur:** Námskeiðið er fyrir fagfólk með menntun á uppeldis- eða heilbrigðisviði sem starfar við uppeldi barna eða við ráðgjöf og fræðslu um uppeldi til foreldra eða starfsfólks. Hámarksfjöldi þátttakenda á námskeiðinu er 18.
- **Tímasetning:** Fimmtudagur 3. og föstudagur 4. október 2024, kl. 9:00 – 15:00 báða dagana.
- **Staður:** Húsnæði Hjálpræðishersins, Suðurlandsbraut 72, 108 Reykjavík. Fundarsalur Ásinn á 1. hæð.
- **Þátttökugjald:** Kr. 41.000. Innifalið eru öll námskeiðsgögn; leiðbeinendahandbók, verkefnablöð fyrir ráðgjöf og rafræn kennslugögn fyrir foreldranámskeið, auk kaffiveitinga og morgun- og miðdegisverðar báða dagana.
- **Skráning:** Skráning er á uppeldi@uppeldisemvirkar.is og eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram: Nöfn þátttakenda, starfsheiti, vinnustaður, netfang og kennitala greiðanda.
- **Leiðbeinendur:** Gyða Haraldsdóttir sálfræðingur og Lone Jensen uppeldisráðgjafi.